



Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland
© (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 4. júlí 2005
Tilvisun: UST20050600123/óaj

Starfsleyfi fyrir vinnslu spilliefna á vegum Hringrásar ehf. Tilkynning um matsskyldu.

Vísað er í til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 10. júní sl., þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir varðandi matsskyldu þessarar framkvæmdar.

Framkvæmdalýsing

Aðal athafnasvæði Hringrásar er við Klettagarða 9 í Reykjavík. Hringrás starfar við móttöku og endurvinnslu brotamálma og annarra endurnýtanlegra efna svo sem gummí, plast, timbur, rafgeyma og fleira og starfar nú samkvæmt nýlegu starfsleyfi frá Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur (nú Umhverfissvið Reykjavíkurborgar). Samkvæmt því starfsleyfi hefur Hringrás leyfi til að geyma á starfssvæðunum allt að 5.000 tonn af brotamálmi, 500 tonn af gummí, 100 tonn af timbri, 100 tonn af plasti og 100 tonn af rafgeymum.

Hringrás fyrirhugar að auka markaðshlutdeild sína í móttöku spilliefna í allt að 50% og hyggst taka á móti spilliefnunum frá almenningi og fyrirtækjum og senda þau áfram til endurvinnslu eða eyðingar. Meðhöndlun spilliefna krefst starfsleyfis Umhverfisstofnunar skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdaraðila er m.a. fyrirhugað að taka á móti efnunum eins og PCB, sýrum, kvikasilfurmenguðum úrgangi, útrýmingarefnum, lyfjum og rannsóknarstofuúrgangi, perklóri, freoni og framköllunarvökva auk þeirra spilliefna sem ofan lýsir.

Umhverfisáhrif

Í þriðja viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er fjallað um þær viðmiðanir við mat á framkvæmdum tilgreindum í 2. viðauka laganna en sérstaklega þarf að huga að 3. lið sem nær til eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar. Skoða þarf m.a. áhrif framkvæmdarinnar í ljósi umfangs umhverfisáhrifa, þ.e. þess svæðis og fjölda fólks sem ætla má að verði fyrir áhrifum, stærðar og fjölbreytileika áhrifa, þess hverjar líkur eru á áhrifum, tímalengdar, tíðni og óafturkræfi áhrifa ofl.

Fyrirhuguð breyting á starfsemi Hringrásar við Klettagarða felur í sér mjög aukin umsvif og

kann að hafa fjölbætt umhverfisáhrif á för með sér. Um 400 metrar eru frá starfseminni að sjó og því lítill sveigjanleiki til að bregðast við hugsanlegri bráðamengun af völdum ofangreindra efna. Því kann lífríki í sjó að stafa hætta af starfseminni. Allflest ofangreindra efna eru hættuleg heilsu manna og dýra sleppi þau út í umhverfið. Efnin geta borist í nærliggjandi íbúðarhverfi en starfsemi Hringrásar við Klettagarða 9 er staðsett í tæplega 300 m fjarlægð frá næstu íbúðarhúsum og í tæplega 600 m fjarlægð frá næsta leikskóla og grunnskóla. Ekki er fyrirséð miðað við þau efni, magn þeirra og eiginleika hver afleiðing hugsanlegrar bráðamengunar yrði á náttúru og íbúa svæðisins og hvernig bregðast ætti við hugsanlegri vá af völdum þeirra. Ekki er til staðar greining eða mat á mengunarhættu einstakra efna sem fyrirhugað er að taka á móti eða hvernig bregðast skal við bráðamengun af völdum þeirra. Rýmingaráætlun á nærliggjandi byggingum, sem gerð hefur verið í samvinnu við lögreglu og slökkvilið, þarf að vera til staðar.

Því telur Umhverfisstofnun að vegna umfangs og eðlis þá kunni fyrirhuguð starfsemi Hringrásar við Klettagarða 9 að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, enda liggur ekki fyrir víðtækt hættumat sem tekur tillit til ofangreindra þátta og kynnt hefur verið íbúum svæðisins, lögreglu og slökkvilið sem og nærliggjandi fyrirtækjum.

Virðingarfyllst

Ólafur A. Jónsson
Sérfræðingur

Helgi Þensson
Forstöðumaður